

Vopnafjarðarhreppur
Sigurður Jónsson
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 3. desember 2021
UST202111-051/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026- Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 4. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á heildarendurskoðun á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026.

Í greinargerð kemur fram við endurskoðun aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps verður mótuð stefna til framtíðar um landnotkun, byggðaþróun og byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Auk þess segir að lögð verði fram stefna um einstaka málaflokka (svo sem íbúðabyggð, landbúnað eða iðnað) sem síðan verður útfærð eftir landnotkunarflokkum aðalskipulags og í skilmála til að ná fram settum markmiðum.

Náttúruvernd í aðalskipulagi

Í greinargerð er fjallað um verndun náttúrugæða og umhverfis (bls.7) og einnig er fjallað um þau viðfangsefni sem skal marka stefnu um í eftirfarandi aðalskipulagi samkvæmt skipulagsreglugerð (bls. 8), þar á meðal náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru náttúruverndarsvæði eins og svæði á náttúruminjaskrá, svæði sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga nr. 60/2013, vistgerðir með hátt verndargild og mikilvæg fuglasvæði sem mikilvægt er að kortleggja og nýta sem grunnforsendur við skipulagsgerðina.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru þrjú svæðið á C-hluta náttúruminjaskrár og eru þau Fuglabjarganes, Nýpslón og Skógalón og Fagradalsfjall og Kollumúli.¹

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðin í tillögnum og að tillagan rýri ekki verndargildi þeirra.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð segir: „Þá er æskilegt að kortleggja verndarsvæði á grunni 61. gr. náttúruverndarlaga.“

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nú þegar kortlagt vistkerfi og jarðminjar sem undir greinina falla og hægt er að sjá útbreiðslu þeirra innan sveitarfélagsins í kortasjá NÍ.²

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um á nákvæman hátt í greinargerð hvaða vistkerfi og jarðminjar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ákvæði laganna, að tillagan taki mið af ákvæðum greinarinnar, unninn sé þemauppráttur sem sýnir svæðin og fjallað sé um réttaráhrif svæða sem falla undir greinina.³

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd laganna. Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. náttúruverndar:

- a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
- b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. náttúruverndarlaga:

- a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingara, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask svæða sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef landnýtingaráætlunin gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum svæðum sem skoðuð hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu áætlunarinnar og ástæðum þess að þau urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjana sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri

² <https://serstokvernd.ni.is/>

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) og má t.d. nefna Úthérað⁴ og er svæðið tilnefnt vegna vistgerða og fuglalífs.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áður nefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti⁵ Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

⁴ <https://www.ni.is/greinar/au-utherað>

⁵ <http://vistgerdakort.ni.is/>

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistgerða sbr. 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, hvaða skilyrði verða sett í skipulagstillöguna til verndar vistgerðunum og hvernig stefnan sé í samræmi við ákvæði laganna.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru mikilvæg fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ⁶ og eru þau Bjarnarey á Héraðsflóa og Jökuldalsheiði.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðin innan sveitarfélagsins í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Landslag og óbyggð víðerni

Í greinargerð í kafla 2.6 kemur fram að skoða eigi jafnvel í tillögunni hvaða landslag einkennir sveitarfélagið og telur Umhverfisstofnun það jákvætt.

Umhverfisstofnun bendir á að í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skuli stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis og að standa vörð um óbyggð víðerni landsins Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun landslags í sveitarfélaginu og óbyggðra víðerna

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu í tillögunni, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

⁶ <https://vistgerdakort.ni.is/>

Úrgangsmál

Umhverfisstofnun bendir á að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er ekki lengur í gildi og var áætlunin felld úr lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum. Í stað landsáætlunar tóku við svæðisáætlanir sveitarfélaga með lagabreytingu árið 2014.

Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.⁷ Þegar kemur að innleiðingu stefnu um hringrásarhagkerfi er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir og hins vegar stefna um meðhöndlun úrgangs. Fyrri stefnan kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*. Stefna um meðhöndlun úrgangs kom út 2021 í fyrsta sinn og kemur hún í stað Landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024, í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um meðhöndlun úrgangs árið 2014. Um leið tóku svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs við hlutverki Landsáætlunar.

Mikilvægt er að litið sé til ofangreindrar stefnu vegna alls úrgangs sem fellur til við þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um svæðisáætlunina, sem sveitarfélagið er þátttakandi í, forsendukafla aðalskipulagsins og hvernig skipulagsáætlunin samræmist svæðisáætluninni.⁸

Loftslagsstefna

Í greinargerð segir að horft verði til þess hvort og hvernig sporna megi við neikvæðum áhrifum óðahlýnunar. Umhverfisstofnun vill benda á að í 5. gr. c. lið laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um loftslagsstefnu sveitarfélagsins í tillögunni.

Vatnsvernd - Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó, auk jökla). Þau mynda ramma utan um aðra löggjöf er varðar verndun vatns.

⁷ [Stefna um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 090621.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

⁸ https://www.samband.is/wp-content/uploads/2020/08/svaedisaaetlun_austurland_2006.pdf

Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020 og er áætlað að hún verði staðfest 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Í greinargerð í kafla 2.5 á bls. 7 er fjallað um orkumál. Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í ám getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna og virkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti, en slíkar breytingar geta valdið álagi á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið setji sér þau markmið að öll vatnshlot í sveitarfélaginu séu í góðu ástandi og ástand þeirra rýrni ekki og er það í samræmi við markmið ofangreindra laga og vatnaáætlunar.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.

Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar⁹ varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skal höfð í nánd við búsmala, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði. Fordast skal að eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

⁹ https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf

Umhverfisstofnun bendir á að í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur